

Samningur milli
Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar
um samreksturs
slökkviliðs og eldvarnaeftirlits

Skútustaðahreppur kt. 600269-1009 og Þingeyjarsveit kt: 590602-2640 gera með sér svohljóðandi samning um samrekstur slökkviliða sveitarfélaganna og eldvarnaeftirlit.

1. gr.

Sveitarfélögin ráði sameiginlega slökkviliðstjóra sem jafnframt fari með eldvarnaeftirlit í sveitarfélögunum.

2. gr.

Reknar verði fjórar starfsstöðvar, staðsettar í Reykjahlíð í Skútustaðahreppi, Laugum í Reykjadal, Iðjugerði í Aðaldal og Melgötu í Ljósavatnsskarði..

3. gr.

Á hverri starfstöð verði ráðinn stöðvarstjóri í hlutastarf sem gegni verkefnum slökkviliðsstjóra í fjarveru hans.

4. gr.

Skipuð verði 3ja manna brunavarnanefnd sem fari með málefni slökkviliðs og eldvarnaeftirlits. Þingeyjarsveit skipi tvo nefndarmenn en Skútustaðahreppur einn. Sveitarstjórar sveitarfélaganna hafa seturétt á fundum nefndarinnar. Nefndinni verður sett erindisbréf sem verður fylgiskjal með samningi þessum.

5. gr.

Kostnaður við rekstur slökkviliðs og eldvarnaeftirlits deilist á milli sveitarfélaganna í hlutfalli við íbúafjölda þeirra.

6. gr.

Fasteignir, tæki og tól í eigu sveitarfélaganna skulu vera í óbreyttu eignarhaldi. Verði farið út í kaup á sameiginlegum tækjum eða búnaði skal semja um það sérstaklega. Almennar rekstrarvörur og minniháttar búnaður heyrir þó undir samrekstur slökkviliðanna.

7. gr.


Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvort sveitarfélagið um sig. Rísi ágreiningur um samningin sem leiði til málaferla skal reka slík mál fyrir Héraðsdómi Norðurlands.


8. gr.

Samningur þessi tekur gildi 1. janúar 2010 og er hann uppsegjanlegur með árs fyrirvara.

Staður og dags.

Skútustaðahreppi 16. des 2009


F.h Skútustaðahrepps


F.h Þingeyjarsveitar